
um helgina



Aðstandendur sýningarinnar eru þarna að skoða förukonu, sem líka gæti heitið furukona. Ljósm. —eik—

Sýning á tréskurði

Í kjallara Iðnaðarhússins við Hallveigarstíg verður í dag opnuð sýning á útskornum munum úr tré. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík átti hugmyndina að þessari sýningu og fékk til liðs við sig samstarfsnefnd um Ár trésins, enda er sýningin hugsuð sem einskonar endahnútur á þá kynningarstarfsemi sem fram hefur farið á ári trésins.

Margir eiga muni á sýningunni, bæði lærðir og leikmenn, og má þar nefna t.d. listamennina Ásmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson. Á sýningunni kennir ýmissa grasa, bæði af nytjalist og skúlptúr. Munirnir á sýningunni eru talsvert á annað hundrað talsins, og að sögn forráðamanna hennar safnaðist meira af munum en hægt var að koma fyrir í salnum.

Sýningin verður opin kl. 4-10 virka daga og kl. 2-10 um helgar. Henni lýkur 24. nóvember.

ih.



„The Platters" í Háskólabíói

Hinn heimsfrægi sönghópur „The Platters" ásamt hljómsveit Jimmy Saharas halda tónleika í Háskólabíói á mánudagskvöldið, 10. nóv. kl. 21. Þetta tónlistarfólk er hingað komið fyrir tilstilli Þorsteins Viggósonar, og er Íslandsferðin liður í hljómleikaför um Norðurlönd.

Forsöngvari The Platters er Herb Reed, en aðrir í hópnum eru: Regina Shearer, Nate Nelson, Robert Moore og Duke Daniels. Forsala aðgöngumiða og upplýsingar eru í versluninni Moons, sími 29030. —ih



Stórmarkaður og vöflukaffi

Kvennadeild Skagfirðingafélagsins í Reykjavík heldur stórmarkað og vöfflukaffi í Drangey, Skagfirðingaheimilinu að Síðumúla 35, nú um helgina. Í dag verður opnað kl. 3 og á morgun kl. 2. Ágóðinn rennur til Sögufélags Skagfirðinga. —ih

Tryggvi í Landlyst



Tryggvi Ólafsson sýnir í Landlyst, Vestmannaeyjum, um þessa helgi. Sýningin var opnuð á fimmtudaginn og henni lýkur annað kvöld. Hún er opin kl. 14-22 í dag og á morgun.


Á sýningunni eru 17 verk, 10 málverk unnin með acryllitum á léreft og 7 klippimyndir. Flest eru verkin unnin á síðastliðnu sumri. —ih

FRÍM '80 að Kjarvalsstöðum

Mánudagurinn 10. nóvember er Dagur frímerkisins. Í ár halda frímerkjasafnarar upp á 20 ára afmæli þessa dags, og af því tilefni stendur nú yfir stór frímerkjasýning að Kjarvalsstöðum, „FRÍM 80".

Sýningin var opnuð á fimmtudaginn og stendur til mánudagskvölds. Hún verður opin kl. 2-8 í dag, laugardag, og kl. 2-10 á morgun og á mánudaginn. Hægt er að fá stimplað alla sýningardagana, en á mánudaginn verður sérstakur stimpill fyrir Dag frímerkisins. Það er Félag frímerkjasafnara í Reykjavík sem stendur fyrir sýningunni. Meðal sýningargripa eru mörg sjaldgæf og gömul umslög úr bréfasafni Þjóðminjasafnins, auk frímerkja sem félagsmenn eiga.

-ih.




Eitt af gömlu umslögunum úr bréfasafni Þjóðminjasafnsins, stílað á Tryggva Gunnarsson bankastjóra. Ljósm. -eik-.

Refilsaumur og augnsaumur

Í gær var opnuð á vesturgangi Kjarvalsstaða sýning á íslenskum heimilisiðnaði. Það er Heimilisiðnaðarfélag Íslands sem sýninguna heldur, en hún var sett upp í Tromsö í Noregi í sumar.

Á sýningunni eru sýnishorn af gerð hins forna íslenska refilsaums og augnsaums, og eru verkin bæði ný og gömul. Tilefnið er, að sögn forráðamanna Heimilisiðnaðarfélagsins, að vekja athygli á þessum fornu íslensku saumum.

Nýrri verkin á sýningunni eru ýmist saumuð eftir munstrum af Þjóðminjasafninu eða sérstaklega teiknuð, einsog t.d. það sem hér birtist mynd af: Vorkoman, sem Anna Höskuldsdóttir prestsfrú að Reynivöllum í Kjós saumaði eftir teikningu Sigrúnar Guðjónsdóttur (Rúnu). —ih



Ívar í Ásmundarsal

Skúlptúrar og málverk

Í kvöld opnar Ívar Valgarðsson sýningu á verkum sínum í Ásmundarsal á Skólavörðuholti. Ívar lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1975 en stundaði síðan framhaldsnám í Hollandi. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum frá því 1974, nú síðast á Experimental Environment II að Korpúlfsstöðum.

Sýningin í Ásmundarsal samanstendur af 5 verkum, skúlptúrum og málverkum, sem mynda heild í landslagsformum og litum. Sýningin verður opin daglega frá kl. 4-9, henni lýkur 17. nóvember.

Magnús og Jóhann í Félagsbíói

Magnús og Jóhann halda hljómleika ásamt Graham Smith fiðluleikara í Félagsbíói í Keflavík í kvöld, laugardagskvöld kl. 9. Þetta eru fyrstu hljómleikar sem þeir félagar halda í nokkur ár, en þeir eru báðir frá Keflavík. Flutt verður efni af nýútkominni plötu þeirra ásamt öðrum lögum, bæði gömlum og nýjum. —eös


Gunnlaugur í FÍM-salnum

Gunnlaugur Stefán Gíslason opnar í dag sýningu í FÍM-salnum, Laugarnesvegi 112, og verður hún opin til 23. nóv., kl. 14-20 virka daga og kl. 14-22 um helgar.

Þetta er önnur einkasýning Gunnlaugs, en sú fyrri var í Norræna húsinu 1977. Auk þess hefur hann tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Gunnlaugur er fæddur árið 1944 og nam við Myndlista- og handíðaskólann, þar sem hann starfar nú sem kennari.

Að sögn Gunnlaugs hefur hann á undanförnum árum eingöngu unnið vatnslitamyndir, og þá ósjaldan leitað fanga í þeim forgengileika, sem birtist okkur m.a. í gömlu amboði eða öðrum ummerkjum um það líf, sem lifað var.

ih.



Handavinnusala á Hrafnistu

Vistfólk á Hrafnistu efnir til sölu á munum sem það hefur sjálft unnið í dag, laugardag, og hefst hún kl. 13.30 í matsal starfsfólks á jarðhæð Hrafnistu (gengið inn að vestanverðu).

Þar verður hægt að kaupa marga góða og nytsama hluti: sokka, vettlinga, peysur, dúka, púða osfrv. —ih

